

AUGLÝSING**um gjaldskrá fyrir Sundhöll Selfoss.**

Ráðuneytið hefur staðfest nýja gjaldskrá fyrir Sundhöll Selfoss:

Fullorðnir í laug	kr. 500	
Börn í laug	— 160	
Baðstofa og laug	— 800	
Afsl. fullorðinna 10 skipti	— 3 000	
Afsl. börn 10 skipti	— 1 000	
Afsl. baðst. 10 skipti	— 6 000	
Leiga á baðfötum og handklæðum	— 400	
Baðstofa fjölsk. tímar	— 3 000	pr. mán + kr. 400 í hvert skipti
Líkamsrækt 10 skipti	— 7 500	

Auglýsing þessi birtist hér með til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt er felld úr gildi gjaldskrá frá 20. september 1979.

Félagsmálaráðuneytið, 5. febrúar 1980.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

Nr. 152.

11. febrúar 1980.

SAMÞYKKT**um sveitarstjóra í Fellahreppi í Norður-Múlasýslu.****1. gr.**

Hreppsnefnd ræður sveitarstjóra og skal ráðningartími hans vera lengstur til loka kjörtímabils hreppsnefndar.

2. gr.

Sveitarstjóri á sæti á fundum hreppsnefndar og hefur óbundið málfrelsi og til-lögurétt, en atkvæðisrétt hefur hann því aðeins, að hann sé hreppsnefndarmaður.

3. gr.

Sveitarstjóri hefur á hendi framkvæmd ákvarðana þeirra, sem hreppsnefnd gerir, og hreppsmála yfirleitt. Hann sér um, að öll störf, sem nefndin á að annast, séu framkvæmd. Hann annast innheimtu á öllum tekjum hreppssjóðs og fyrirtækja hans án sérstakrar þóknunar. Hann er féhirðir hreppsnefndar og reikningshaldari, semur skýrslur hennar og reikninga, annast alla bókun og bréfaviðskipti. Hann geymir bækur nefndarinnar, innstæðubréf hreppsins, verðbréf og öll önnur skjöl og hvað annað, sem hreppnum tilheyrir og hreppsnefndin á að bera ábyrgð á. Hann skal jafnframt annast störf byggingafultrúa. Í forföllum sveitarstjóra skal oddviti annast störf hans.

4. gr.

Sveitarstjóri setur þá tryggingu, sem hreppsnefnd ákveður, fyrir innheimtum þeim, sem hann hefur á hendi, sbr. 3. gr.

5. gr.

Launakjör sveitarstjóra skulu ákveðin í ráðningarsamningi þeim, sem um getur í 6. gr. og greiðist úr sveitarsjóði.

6. gr.

Oddviti skal fyrir hönd hreppsnefndar gera ráðningarsamning við sveitarstjóra, eftir að ráðning hans hefur verið samþykkt af hreppsnefnd og skal þar nánar kveðið á um kjör hans, orlof, skrifstofutíma og annað það, sem nauðsynlegt er hverju sinni, og skal ráðningarsamningurinn samþykktur af hreppsnefnd. Uppsagnarfrestur af hendi hvors aðila er 6 mánuðir.

7. gr.

Nú gerist sveitarstjóri sekur um vanrækslu og hirðuleysi í starfi sínu og skeytir ekki áminningum hreppsnefndar, getur hún þá með fundarsamþykkt vikið honum frá störfum, en tilkynna skal hún félagsmálaráðuneytinu þessa frávikningu svo fljótt sem við verður komið. Oddviti tekur þá við starfi sveitarstjóra og gegnir því uns sveitarstjóri hefur verið ráðinn að nýju.

Samþykkt þessi sem hreppsnefnd Fellahrepps í Norður-Múlasýslu hefur samið og samþykkt staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 58 29. mars 1961 til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 11. febrúar 1980.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

G J A L D S K R Á

fyrir heimilishjálp á Seltjarnarnesi.

1. gr.

Ellilífeyrisþegar og öryrkjar með fulla tekjutryggingu greiða ekki heimilishjálp.

2. gr.

Bótaþegar með skerta tekjutryggingu greiða $\frac{1}{3}$ tímakaups samkv. samningum Sóknar.

3. gr.

Bótaþegar sem hafa ekki rétt til tekjutryggingar greiða $\frac{1}{2}$ tímakaup samkv. samningum Sóknar.

4. gr.

Tekjur miðast við janúar 1980.

kr./klst.	Tekjuviðmiðun einstaklinga	Tekjuviðmiðun hjóna
Kaup		
0	0—148 000	0—258 639
529	148 001—243 887	258 640—409 724
794	243 888 og meira.	409 725 og meira.